



**MÁLÞROSKI - SAMEIGINLEG ÁBYRGÐ**  
UPPLÝSINGAR FYRIR FORELDRA BARNNA Á ALDRINUM 0-3 ÁRA





BARNIÐ LÆRIR AÐ TJÁ SIG

AUGLITI TIL AUGLITIS

**Vissir þú að þegar barnið fæðist**

- hefur það verið að læra tungumálið í margar vikur?
- hefur það lært að greina á milli marga ólíkra hljóða í tungumálinu?

**Vissir þú að þegar barnið er orðið 9 mánaða má gera ráð fyrir að það geti**

- átt frumkvæði að samskiptum?  
t.d. með hjali eða hreyfingum
- tengt á milli hljóða og hluta?  
t.d. þegar síminn hringir
- brugðist við þegar nafn þess er nefnt og þegar það heyrir orðin „pabbi“ og „mamma“?
- hermt eftir hljóðum eða hljóðfalli sem það heyrir í tali annarra
- tjáð tilfinningar sínar með ýmsu móti?





## MÁLTAKA – FYRSTU ORÐIN

**Pú ert í lykilhlutverki þegar barnið þitt lærir að tala**

Talaðu við barnið þitt.

Horfðu í augun á barninu þegar þú talar við það.

Leiktu við barnið þitt, farðu t.d. í feluleik með því eða leiktu við það „gefa og takk“ leiki.

Syngdu fyrir barnið þitt, farðu með vísur og barnapulur.

Þegar barnið byrjar að gefa frá sér hljóð reyndu þá að geta þér til um orðið sem það er að segja. Segðu orðið upphátt.

### Hjálpaðu barninu að tjá tilfinningar sínar

Barnið hlær, og þú segir:  
„Ég sé að þú ert glöð“.

### Settu orð á hluti og athafnir með barninu þínu

„Nú færðu þurra bleyju“.  
„Nú ætla ég að þvo þér um hendurnar“.  
„Nú förum við inn í stofu“.





### MÁLÞROSKI FRÁ 9 MÁNAÐA TIL 3 ÁRA ALDURS

Veittu því athygli þegar barnið þitt reynir að tala við þig. Gefðu þér góðan tíma til að tala við barnið þitt og vertu forvitinn og áhugasamur þegar þið talið saman.

Talaðu við barnið um það sem þið gerið saman heima, t.d. þegar þið búið til mat, um það sem gerist þegar þið farið út að ganga, í leikskólann og fl.

#### Settu orð á málhjóðin

Barnið segir: „Burr“ og bendir á bíl.  
Þú segir: „Já, þetta er flottur bíll“.

**Horfðu á hlutina sem barnið er upptekið af og talaðu um þá.**

Þið skoðið saman bolta „Þetta er bolti“, segir þú.  
Barnið segir: „Bolti“.  
Þú segir: „Já, þetta er finn rauður bolti.  
Sjáðu hvernig boltinn skoppar“.

Gefðu barninu þínu tíma og möguleika á því að endurtaka það sem þú segir.  
Svaraðu alltaf þegar barnið spyr þig.  
Talaðu við barnið á því tungumáli sem er þér tamast.





**Settu orð á það sem þú vilt segja í stað þess að benda bara**

„Viltu rétta mér bollann?“

**Ekki leiðrétta barnið en endurtaktu orðin rétt**

Barnið segir: „Dúdda keyrir bíl“.  
Þú segir: „Já, dúkkan keyrir bílinn“.



## LEIKTU, SYNGDU OG LESTU FYRIR BARNIÐ ÞITT

Leiktu við barnið og syngdu fyrir það. Farðu með vísur og þulur sem ríma. Skoðaðu bækur með barninu. Lestu oft sömu bækurnar með barninu. Talaðu líka um hluti við barnið sem það þekkir ekki, t.d. um villidýr, börn í öðrum löndum og margt annað. Farðu með barnið á bókasafnið. Horfðu á barnaefni í sjónvarpinu með barninu þínu og talaðu við það um það sem þið sjáið. Skoðaðu myndir af barninu sjálfu og ræddu við það um hvað er að gerast á myndunum.

### Bættu við setningarnar

Barnið segir: „Ég bað“.  
Þú svarar: „Já, viltu fara í bað?“

Orðaforði barnsins eykst jafnt og þétt þegar þú talar við það



## Upplýsingar

Þú getur fengið frekari upplýsingar um máltöku, málþroska og málskilning hjá heilsugæslunni og í leikskólanum.

Þú getur líka leitað þér upplýsinga og fróðleiks um hvernig styðja má við málþroska barnsins á bókasafninu og á þessum vefsíðum:

[www.heilsugaeslan.is/fraedsla/voxtur-og-throski/malorvun/](http://www.heilsugaeslan.is/fraedsla/voxtur-og-throski/malorvun/)

<http://hti.is/index.php/is/vorur/baeklingar>

[www.leikuradbokum.net](http://www.leikuradbokum.net)

[www.reykjavik.is/foreldrar](http://www.reykjavik.is/foreldrar)

[www.modurmal.com](http://www.modurmal.com)

## Krækjur

Þessi bæklingur hefur verið þýddur á íslensku, dönsku ensku, pósku, sómölsku, arabísku, tyrknesku, víetnömsku, kúrdísku, dari og og pashto.

Þýddu bæklingana finnur þú hér: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

This brochure has been translated into English. The translation can be found on the following website: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

Ta broszura jest przetlumaczona na jezyk polski. Przetlumaczony tekst znajduje sie na stronie internetowej: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

Qoraalkan waxaa lagu turjumay af soomaali. Turjumidda waxaad ka heli kartaa boggaan: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

Bu broşür Türkçe ye de çevrilmiştir. Çeviriyi aşağıdaki internet adresinde bulabilirsiniz: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

Tập giấy mỏng này được chuyển dịch sang tiếng Việt. Bạn có thể đọc bản phiên dịch tại trang điện tử sau: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

مېپال مل مک منارنګر هو ، یدروک ژب هوارنګر هو هيه کل يمان م هئ

... هو هتيزؤدي هئ هو هراوخ هل ىلام ى مړ

[www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

مک همدبدرگ ممجرتوتشپو یرد نابز مب امنهر هچباتک نپا . دبنکادبپ لپذ سردا همدبپناوتبمماش

[www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

هچ . هد يوش ممجرتوبژوتبشپوا یرد هپ هچباتک يتامول عم هغد یک هحفص یرتوبپمک یدنال هپ ممجرت هغد یش ىالوک ىسات یرک ادبپ :

[www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

ناونع ىلع اهدجت تمجرتلا . هيبرعلا ءغللا ىلا مجرت بتئكلا اذه :هياتلا ءحفصلا

[www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)



Unnið í samstarfi við borgaryfirvöld í Árósum

Utgefið:  
2014

©COPYRIGHT:  
Pædagogisk Afdeling  
Børn og Unge  
Aarhus Kommune

Myndir úr safni  
skóla- og frístundasviðs  
Reykjavíkurborgar